

Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyja - 419

Haldinn í fundarsal Ráðhúss,
28.04.2025 og hófst hann kl. 16:15

Fundinn sátu: Jóna S. Guðmundsdóttir formaður,
Theodóra Ágústsdóttir 1. varamaður,
Jónatan Guðni Jónsson aðalmaður,
Jarl Sigurgeirsson aðalmaður,
Drífa Þöll Arnardóttir aðalmaður,
Dagný Hauksdóttir starfsmaður sviðs, Brynjar Ólafsson framkvstj.sviðs, Rannveig Ísfjörð starfsmaður sviðs.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, skipulags-og umhverfisfulltrúi

2. 202210106 - Listaverk í tilefni 50 ára gosloka - skipulagsbreytingar

Lagt fram að lokinni auglýsingu tillaga að breyttu Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar litaverks Ólafs Elíassonar við Eldfell og tillaga að Deiliskipulag Eldfells, auk umhverfismatsskýrslu fyrir skipulagsáætlanirnar.

Umsagnir bárust frá 4 umsagnaraðilum vegna tillögu að breyttu aðalskipulagi og 5 umsagnir vegna tillögu að deiliskipulagi.

Vegna upphaflegrar umsagnar Vegagerðarinnar varðandi umferðaröryggi við Eldfellsveg hefur deiliskipulags uppdætti og greinargerð verið breytt þannig að einstefna um bílastæði við veginn er áréttuð. Aðrar breytingar hafa ekki verið gerðar á auglýstum skipulagsgögnum.

Undirskriftarlisti vegna málsins barst í afgreiðslu Ráðhúss án þess að fram kæmu óskir um það í hvaða farveg hann ætti að fara. Var því tekin ákvörðun um að fjalla um hann við afgreiðslu málsins í umhverfis- og skipulagsráði. Um er að ræða undirskriftarlista með 602 nöfnum þar sem „fyrirhugaðri röskun á ásjúnd Eldfells og tilheyrandi kostnaði við gerð listaverksins“ er mótmælt.

Samþykkt með þremur atkvæðum E- og H- lista. Fulltrúar D- lista sitja hjá.

Bókun fulltrúa D- lista

Fulltrúi D- lista ítrekar fyrri bókanir vegna málsins og tekur undir áhyggjur þeirra 602 sem skrifuðu undir undirskriftarlista vegna málsins.

Jarl Sigurgeirsson (sign.)

Bókun fulltrúa E- og H-lista

Ánægjulegt er hve margir sóttu íbúafund um listaverk Ólafs Elíassonar sem haldinn var í lok mars. Íbúar fengu tækifæri til að spyrja listamanninn sjálfan spurninga og koma með ábendingar. Fundurinn var góður vettvangur fyrir íbúa til að deila skoðunum sínum, og þátttaka þeirra var mikilvæg fyrir áframhaldandi þróun verkefnisins. Það er ljóst og kom fram á íbúafundinum að þær áhyggjur sem íbúar hafa helst haft eru óþarfar því listaverkið mun verða afturkræft og hefur því enginn varanleg áhrif á ásýnd Eldfells. Heldur auka aðgengi og stuðla að betri stýringu á göngleiðum á fjallinu.

Meirihluti E- og H- lista eru enn sannfærð um að umrætt listaverk verði bænum til sóma og lýsa yfir ánægju með að skipulagsvinnu sé að ljúka.

Jóna Sigríður Guðmundsdóttir (sign.)

Drífa Þöll Arnardóttir (sign.)

Jónatan Guðni Jónsson (sign.)

[A1618-003-U07 Gosminnisvarði aðalskipulagsbreyting - tillaga til auglýsingar í janúar 2025.pdf](#) 

[A1618-014-U03 Deiliskipulag Eldfells - tillaga til auglýsingar í janúar 2025.pdf](#) 

[A1618-008-U03 Gosminnisvarði, deiliskipulagsuppráttur.pdf](#) 

[A1618-008-U04 Gosminnisvarði, deiliskipulagsuppráttur uppfært.pdf](#) 

[A1618-014-U04 Deiliskipulag Eldfells til samþykktar apríl 2025.pdf](#) 

[Umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna breytingar á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar.pdf](#) 

[Umsogn_Natt_ask_Eldfell.pdf](#) 

[Listaverk Ólafs Elíassonar við Eldfell - Breyging á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035, nr. 1407_2024.pdf](#) 

[Listaverk Ólafs Elíassonar við Eldfell, nr. 14072024 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu.pdf](#) 

[Skipulagsstofnun umsögn deiliskipulag Eldfells.pdf](#) 

[Umsogn_Natt_dsk_Eldfell.pdf](#) 

[Umsögn vegna skipulagsmála Náttúruverndarstofnunar Eldfell-deiliskipulag.pdf](#) 

[Deiliskipulag Eldfells, nr. 1409_2024.pdf](#) 

[Deiliskipulag Eldfells, nr. 14092024 - Umsögn um deiliskipulagstillögu.pdf](#) 

[A1618-024-U01 Listaverk í Eldfelli Svör við athugasemum á auglýsingatíma.pdf](#) 

Bæjarstjórn Vestmannaeyja - 1616

Haldinn í Ráðhúsinu,
14.05.2025 og hófst hann kl. 14:00

Fundinn sátu: Páll Magnússon forseti,
Íris Róbertsdóttir aðalmaður,
Njáll Ragnarsson aðalmaður,
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir aðalmaður,
Hildur Sólveig Sigurðardóttir aðalmaður,
Eypór Harðarson aðalmaður,
Óskar Jósúason 3. varamaður,
Helga Jóhanna Harðardóttir aðalmaður,
Sæunn Magnúsdóttir 2. varamaður,

Fundargerð ritaði: Brynjar Ólafsson, framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs

1. 202402027 - Listaverk Ólafs Elíassonar

Páll Magnússon gerði grein fyrir stöðu mála varðandi listaverk Ólafs Elíassonar. Fór hann yfir íbúafundinn sem haldinn var í Eldheimum 28. mars þar sem listamaðurinn kynnti útlit listaverksins og inntak - og þráinn Hauksson, landslagsarkitekt, fór yfir það sem snýr að göngustígnum, legu hans og efnisvali. Skýrt hafi komið fram að allar framkvæmdir í tengslum við verkefnið verði afturkræfar og skilji ekki eftir nein varanleg ummerki á ásynd Eldfells.

Þá gerði Páll grein fyrir ákvörðun atvinnuvegaráðherra að styrkja gerð göngustígsins um 60 milljónir króna og samningi sem bæjarstjóri hefur undirritað þar að lútandi.

Niðurstaða

Við umræðu um málið tóku til máls: Eypór Harðarson, Hildur Sólveig Sigurðardóttir, Íris Róbertsdóttir, Njáll Ragnarsson, Sæunn Magnúsdóttir, Helga Jóhanna Harðardóttir og Páll Magnússon.

Bókun bæjarfulltrúa D lista

Við styðjum í grunninn hugmyndina um minnisvarða vegna Heimaeyjargossins, enda hefur slík menningaruppbygging mikið gildi. Hins vegar er það alvarlegt að kostnaður við göngustígagerð í Eldfelli, fer langt fram úr því sem eðlilegt má teljast í ljósi fjárhagsstöðu bæjarins. Meirihluti bæjarstjórnar hefur fullyrt að kostnaður Vestmannaeyjabæjar vegna minnisvarðans verði 50 milljónir. En fram hefur komið að heildarkostnaður vegna minnisvarðans muni kosta vel yfir 200 milljónir króna og er þá ótalin önnur vinna, líkt og við vinnslu skipulags, bílastæðagerð og fleira sem tilheyrir framkvæmdinni. Það lá ekki fyrir þegar samþykkt var að veita 50 milljónir til minnisvarðans á sínum tíma.

Núverandi meirihluti sem fyrir síðustu og þar síðustu sveitarstjórnarkosningar stærði sig af því að ætla að hafa íbúalýðræði í hávegum, hefur sannarlega sýnt að það er einungis í orði en ekki á borði en undirskriftarlisti gegn listaverkinu sem telur um 600 nöfn er nákvæmlega í engu hafður.

Eyþór Harðarson (sign.)

Hildur Sólveig Sigurðardóttir (sign.)

Sæunn Magnúsdóttir (sign.)

Óskar Jósúason (sign.)

Bókun bæjarfulltrúa E og H lista

Það er fagnaðarefni að nú á síðustu vikum hafa verið stigin þrjú mikilvæg skref sem snúa að listaverki Ólafs Elíassonar.

Í fyrsta lagi var haldinn afar vel heppnaður íbúafundur þar sem listamaðurinn og Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt, gerðu grein fyrir verkefninu í heild sinni; útliti þess og inntaki. Þar kom m.a. fram með vel rökstuddum og skýrum hætti að framkvæmdirnar í heild sinni fela ekki í sér neinar varanlegar eða óafturkræfar raskanir á ásýnd Eldfells.

Í öðru lagi var nú í byrjun maí kynnt sú ákvörðun atvinnuvegaráðherra að styrkja gerð göngustígsins sérstaklega um 60 milljónir króna.

Í þriðja lagi mun á þessum bæjarstjórnarfundum endanlega verða lokið skipulagsþætti málsins hvað varðar breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi.

Nú er því ekkert til fyrirstöðu lengur að halda áfram með verkefnið af fullum krafti og því ber að fagna.

Enn einu sinni eru fulltrúar Sjálfstæðisflokksins að reyna að rugla umræðuna. Meirihlutinn ætlar ekki að láta toga sig inn í þessa upplýsingaóreiðu sem þau eru að reyna að búa til.

Njáll Ragnarsson (sign.)

Helga Jóhanna Harðadóttir (sign.)

Íris Róbertsdóttir (sign.)

Jóna Sigríður Guðmundsdóttir (sign.)

Páll Magnússon (sign.)

[Samningur við Vestmannaeyjar_30april2025.pdf](#)

[Viljayfirlýsing - Listaverk 50 ár frá eldgosi.pdf](#)

[Samningur um verkefnastyrk - listaverk 50 ár frá Eldgosi.pdf](#)

7. 202504012F - Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyja - 419

Liður 7.1, Skipulag Baðlón við Skansinn, liggur fyrir til staðfestingar.

Liður 7.2, Listaverk í tilefni 50 ára gosloka- skipulagsbreytingar, liggur fyrir til staðfestingar.

Liður 7.3-7.8 liggja fyrir til upplýsinga.

Niðurstaða

Liður 7.1 samþykktur með níu samhljóða atkvæðum bæjarfulltrúa.

Liður 7.2 samþykktur með fimm atkvæðum bæjarfulltrúa E og H lista en fjórir bæjarfulltrúar D lista sátu hjá.